

Skólanámskrá

Leikskólinn Bergheimar 32 Hafnarberg 815 Þorlákshöfn

Sími 4803660

GSM 8523853

Heimasíða: www.bergheimar.is

Netfang: leikskolinn@olfus.is

Netfang leikskólastjóra: dagny@olfus.is

Netfang aðstoðarleikskólastjóra: elsa@olfus.is

Skólanámskrá Bergheima

8. útgáfa endurskoðuð 2018

Í upphafi leikskólagöngu

Kæru foreldrar. Velkomin með barnið ykkar í leikskólann Bergheima. Námskráin er kynning á námi og starfsemi þeirri sem fram fer í Bergheimum. Foreldrar og forráðamenn eru velkomin í leikskólann til skrafs og ráðagerða og til að fylgjast með því sem er að gerast á deild barnsins „til að sjá daglega starfsemi“

Leikskólinn tók til starfa í núverandi húsnæði 1983 og þá tveggja deilda. Saga leikskólans er þó mun lengri. Árið 1966 hófu kvenfélagskonur viðræður við sveitarfélagið um stofnun leikskóla sem varð að veruleika í formi sumarskóla. Leikskólinn var rekinn í grunnskólanum og síðar í öðru húsnæði og þá allan ársins hring. Má segja að aðkoma Kvenfélagsins hafi markað þá faglegu og samfélagslegu stefnu sem leikskólinn hefur unnið að frá upphafi.

Í námskránni eru hugtökin

kennarar notuð um starfsfólk,

nemendur notuð um börnin óháð aldri,

kennslu þegar um beina og óbeina innlögn er að ræða,

náms- og leikefni um efnivið og leikföng sem börnum er boðið upp á í leikskólanum.

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskólans sem ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfseminni.

Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra og honum til ráðuneytis um tilhögun innan leikskólans.

Deildarstjóri ber ábyrgð á kennslu á sinni deild. Hann ber einnig ábyrgð á foreldrasamstarfi á deildinni.

Leikskólakennarar og leiðbeinendur, eru kennarar deildarinnar og vinna undir stjórn og í samstarfi við deildarstjóra

Matráður sér um undirbúning matarins og pantar inn matvæli fyrir leikskólann.

Sérkennsla er í stjórn sérkennslustjóra sem er ráðgefandi fyrir foreldra, deildarstjóra og starfsfólk um framvindu sérkennslumála auk kennara / leiðbeinenda sem eru til þess sérstaklega ráðnir, auk þess að verkefni eru unnin í barnahópnum

**ALLT STARFSFÓLK LEIKSKÓLANS ER BUNDIÐ ÞAGNARSKYLDU OG ÞÆR
UPPLÝSINGAR SEM KENRARAR FÁ UM BARNIÐ OG FJÖLSKYLDU ÞESS ERU
TRÚNAÐARMÁL OG HELST ÞESSI SKYLDA ÞÓ LÁTIÐ SÉ AF STÖRFUM.**

AÐ BYRJA Í LEIKSKÓLA.

Að byrja í leikskóla er ný upplifun fyrir flest börn og foreldra þeirra. Allt er framandi og ókunnugt, nýir siðir og venjur. Mikilvægt er að vel sé staðið að aðlögun og að foreldrar kynnist kennurum og starfinu en með því myndast það traust sem þarf til að börnin upplifi öryggi í væntanlegri skólagöngu.

Unnið er eftir ákveðinni aðlögunar áætlun og fara tímamörk eftir lengd vistunartíma.

AÐLÖGUN – viðmiðunarreglur á tímalengd.

1 DAGUR Stutt heimsókn, kynning á starfi og húsnæði og barnið innritað

2 DAGUR Barnið dvelur með foreldri hjá sér skv. ákvörðun deildarstjóra

3 DAGUR Barnið dvelur með foreldri hjá sér skv. ákvörðun deildarstjóra

4 DAGUR Barnið dvelur með foreldri hjá sér í skv. ákvörðun deildarstjóra

5 DAGUR Barnið dvelur eitt allan daginn í leikskólanum og þennan dag er barnið sótt snemma

Deildarstjórar gera áætlun í samvinnu við foreldra um aðlögunarferlið með tilliti til aldurs, reynslu og skólatíma barnsins. Mikilvægt er að foreldrar uni þeim tíma sem þarf til að gera barnið öruggt og sérstaklega þarf að taka tillit til þátta sem geta lengt tímann.

1. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR.

Fjöldi barna og deildir.

Í leikskólanum Bergheimum geta verið yfir 100 börn 18 mánaðar til sex ára verið samtímis í 4 til 9,5 tíma. Deildirnar eru Álfaheimar, Trölllaheimar, Dvergaheimar, Hulduheimar og Ásheimar.

Á Ásheimum og Dvergaheimum og eru yngstu börnin, á Álfaheimum er milli aldur á börnum og á Trölllaheimum og Hulduheimum eru elstu börnin.

Opnunartími og mætingar.

Leikskólinn er opinn frá kl 07.30 til 17.00 og eru foreldrar beðnir að virða þann vistunartíma sem samið hefur verið um. Gefin er út stundaskrá á öllum deildum og foreldrar beðnir að taka tillit til hennar þegar komið er með börnin í leikskólann. Mikilvægt er að börnin mæti vel í leikskólann, en reynslan hefur sýnt að börnin eru öruggari og ánægðari að koma á sama tíma í upphafi vistunartímans. Deildir eru lokaðar í hádeginu á hvíldartíma barnanna.

Símanúmer deilda:

Trölllaheimar 4803667

Hulduheimar 4803668

Álfaheimar 4803669

Dvergaheimar 4803672

Ásheimar 4803673

Fólk á að gera vart við sig þegar komið er og þegar börnin eru sótt. Foreldrar þurfa að skrá nöfn og símanúmer þeirra sem hafa leyfi til að sækja börnin á sérstök eyðublöð.

Það þarf alltaf að láta vita ef einhver annar en foreldri sækir börnin. Sú regla gildir að börn mega ekki vera yngri en 12 ára á árinu þegar þau sækja í leikskólann.

Kennari getur tekið ákvörðun um að hleypa ekki börnum úr leikskólanum sjái hann ástæðu til.

Leikskólagjald.

Gjaldið er greitt fyrirfram, veittur er systkinaafsláttur og einnig afsláttur vegna foreldis sem eru í 24 ECTS námi gegn staðfestingu frá viðkomandi skóla. Einstæðir foreldrar geta sótt um forgangsgjald gegn framvísun hjúskaparvottorðs. Uppsagnafrestur er 1. eða 15. hvers mánaðar og skuldi foreldrar þrjá mánuði eða meira gildir það sem uppsögn á leikskólavistun

Fréttabréf, tilkynningar og upplýsingar

Fréttabréf er gefið út um hver mánaðarmót, það er sent til foreldra í netpósti og birt á heimsíðu leikskólans www.bergheimar.is og í Bæjarlífi undir heitinu *Leikskólalíf*. Foreldrafélagið nýtir einnig fréttabréfið og netfangalista leikskólans fyrir fréttir og upplýsingar sem þurfa að berast foreldrum. Í anddyri allra deilda er upplýsingatafla ætluð fyrir skilaboð til foreldra og það er mjög mikilvægt að fylgjast með skilaboðum sem birtast þar.

Allar deildir gefa út tvær stundaskrár árlega, önnur vegna vetrarstarfs og hin vegna sumarstarfs og eru þær birtar á heimasíðunni.

Viðtalastími starfsfólks og netföng

Sjá ársáætlun á heimasíðu www.bergheimar.is, foreldrar eru hvattir til að eiga frumkvæði í að hafa samband við skólastjóra og kennara.

Fatnaður

Börnin eiga að vera í fötum sem henta því starfi og leik sem er í leikskóla. Börnum er kennd sjálfshjálpar og felst hún í því að þau læra að gera sjálf, m.a. klæða sig, matast og nota salerni. Þegar börnin fara í íþróttir eiga þau að vera í fatnaði sem þau geta klætt sig í og úr. Aukafatnaður þarf ávallt að vera til staðar. Þegar börnin eru farin að klæða sig sjálf er áriðandi að gefa þeim tækifæri þrátt fyrir að fötin snúi ekki rétt.

Merkið öll föt og skófatnað barnanna.

Matur

Maturinn er eldaður í leikskólanum. Leikskólinn hefur sett sér þau markmið að lágmarka allan sykurla. Athugið að börn með ofnæmi / óþol þurfa ALLTAF að koma með vottorð frá sérfræðingi þess efnis og ekki er hægt að afgreiða sérfræði fyrir en vottorði hefur verið skilað.

Öryggismál.

Öll leikskólabörn eru slysatryggð á skólatíma. Ef barn þarf að fara til læknis er hringt í foreldra eins fljótt og hægt er og þeir látnir koma í leikskólann eða á heilsugæsluna.

Öll óhöpp/slys sem þarf að sinna eru skráð svo hægt sé að fylgjast með hvar, hvenær og hvernig slysið/in gerast. Unnið er eftir gátlistum um jarðskjálftavarnir og sérstök úttekt er gerð af slökkviliðstjóra vegna brunavarna. Öryggisæfingar eru reglulega og taka allir nemendur og kennarar þátt. Eftirlit er á lóð og fara kennarar daglega út og skoða lóðina eftir ákveðnum gátlista.

Kennurum er skylt að skipta sér af ef notkun öryggisútbúnaðar í bifreiðum eða á reiðhjólum er ábótavant.

Frídagar og starfsdagar.

Öll frí og lokanir eru tilkynnt sérstaklega á heimasíðu, á skóladagatali, í fréttabréfi leikskólans og á upplýsingatöflum. Lokað er á starfsdögum, aðfangadag og gamlársdag. Starfsdagar eru fimm, foreldraviðtalsdagur og úrvinnsludagur í janúar, námskeiðsdagur að vori. Skipulagsdagur er fyrsti dagur eftir sumarfrí og í október er farið á haustþing.

Leikföng

Börnin mega hafa með sér bók eða bangsa. En foreldrar verða að gæta hófs í þeim efnum og leikföng eru alltaf á þeirra ábyrgð.

Veikindi barna

Leikskólinn er erilsamur og því verða börnin að vera heima á meðan þau eru veik. Við bjóðum ekki upp á inniveru barna sem fyrirbyggjandi aðgerð til að koma í veg fyrir veikindi, enda þrífst kvefveiran betur innanhúss en utan. Eftir veikindi er miðað við, ef þurfa þykir, að barnið geti verið inni í tvo daga á mánuði.

Börn sem eru langveik og með króníska sjúkdóma þurfa að koma með vottorð frá sérfræðingum um heilsufar og ástand barnanna og hvaða meðferð þau þurfi. **Lyf eru ekki gefin í skólanum nema í undantekningar tilvikum.**

Áætlun leikskólans


Foreldraráð hefur til umsagnar áætlanir og starfshætti leikskólans.

Skólaárið hefst eftir sumarfrí og lýkur við sumarfrí. Á veturna eða frá 1. september til 15. maí er skipulag og starfsemin unnin með aukna inniveru í huga en yfir sumartímamann er skipulögð starfsemi færð meira út.

Í Aðalnámskrá segir að grunnþættir menntunar séu Læsi- Sjálfbærni – Lýðræði og mannréttindi -Jafnrétti - Heilbrigði og velferð - Sköpun

Læsi

Markmið læsis í leikskóla samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) er að börn geti lesið umhverfi sitt, tjáð tilfinningar sínar og skilið tilfinningar annarra. Fá þau tækifæri til að tjá sig á fjölbreyttan hátt. Einnig skapa umhverfi og aðstæður þar sem börn kynnast rit- og tungumálinu. Rítmálið er sýnilegt. Fjölbreyttar bækur eru aðgengilegar, í sögustund fá þau tækifæri til að efla les- og hlustunarskilning. Börnin sjá bókstafina verða að orðum og sjá lesáttina.





Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig og mikilvægt er að kenna þeim að hafa jákvæð og uppbyggileg samskipti. Kennarar barnanna eru fyrirmyndir í notkun máls og tjáningar.

Meðlimir úr félagi eldri borgara í Ölfussi koma í heimsókn og segja sögur eða lesa bækur fyrir börnin. Farið er í heimsóknir í bókasafnið til að taka bækur og að skoða sýningar sem þar eru haldnar. Bókakassar eru fyrir framan hverja deild þar sem börnin geta fengið lánaðar bækur heim.



Hljóðkerfisvitund barnanna er kennd með rími, samsettum orðum, klappa atkvæði, segja upphafshljóð orða og endahljóð.

Innleiðing

Nemendur fá tækifæri til að tjá sig á margvíslegan hátt t.d. með dansi, sögugerð, semja ljóð og teikna.

Sjálfbærni og vísindi

Sjálfbærni er skilgreind í Aðalnámskrá leikskóla sem jafnvægisástand og í skólastarfi sé sjálfbærni hugsuð í smáum aðgerðum, í sjálfum sér, til annarra og alls umhverfisins. Sjálfbær þróun sé breytingarferli sem breytir samfélagi. Markmiðið er að margt smátt geri eitt stórt.

Kennarar vinna með styrk nemenda í öllum aðstæðum. Leikskólinn er búin að fá tvo Grænfána fyrir Lýðheilsu og Flokkun úrgangs. Í gegnum allt starfið er verið að kenna góða umgengni. Félagslega er verið að kenna samskipti og samskiptareglur.

Nemendur stunda vísindi og tilraunir m.a. í formi ræktunar á grænmeti og jurtum.





Innleiðing

Kennarar vinna með „Af hverju“ spurningar sem tengjast umhverfisvernd. Kennarar eru markvisst um heilbrigði, jákvætt hugarfar, flokkun úrgangs og hreinlæti til gera það að sjálfsögðum hluta af lífinu. Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi .

Í Aðalnámskrá segir að einstaklingar taki afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélags síns. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni. Skólum er skylt að rækta viðhorf um lýðræðislegt samfélag þar sem einstaklingar geta gagnrýnt og haft framtíðarsýn. Börnunum er kennt að virða ólíkar skoðanir og að hver einstaklingur er sérstakur á sinn hátt. Kennari kennir börnunum að treysta á mátt sinn og megin með því að hlusta og ræða viðhorf þeirra. Nauðsynlegt er að meta sérstöðu hvers og eins barns og stundum þarf að fara út fyrir rammann til að nálgast ólíka einstaklinga. Sum börn þurfa meiri stuðning í daglegum samskiptum en aðrir. Samskiptaleiðin er að tala saman, kennarinn aðstoðar börnin við að leysa úr deilum og orða langarnir sínar og koma þeim á framfæri. Þannig myndast lýðræði, kennarinn skapar það með því að vera fyrirmynd og tryggja að allir hafi möguleika á að koma sínu á framfæri.



Í leikskólanum eru ákveðnir hátíðisdagar sem gefa tækifæri til fjölbreyttari samskipta milli foreldra, nemenda og kennara. Foreldrar eru hvattir til samstarfs og auglýst er eftir þátttöku í ákveðin verkefni auk þess er starfrækt foreldrafélag og foreldraráð.

Elstu börnin í leikskólanum fá markvisst vináttuverkefni sem miðast við að efla samkennd og samlíðan gagnvart öðrum. Á yngstu deildunum er börnunum uppálagt að vera vinir að vera góð við hvert annað, með því að kenna þeim að deila með öðrum og ekki skilja útundan. Virðing er borin fyrir einstaklingum leikföngum og búnaði.

Samstarf er á milli skólastiga, milli elsta árgangs leikskóla og 1.bekk grunnskóla. Samstarf er einnig við bókasafn, tónlistarskólann, eldri borgara, framhaldskóla, háskóla og unglingar úr vinnuskólanum vinna í leikskólanum á sumrin. Kennarar ræða um ólíkar fjölskyldugerðir við nemendur.



Haldið er upp á afmælisdag allra nemenda með því að gera daginn sérstakan. Þá fá börnin kórónu, afmælis borðbúnað og afmælisöng.



Innleiðing

- Kennarar sýni jákvæð viðbrögð við samtali, óskum og erindum barnanna. Börnin þarf að virkja í að aðstoða hvert annað.
- Nemendur hafi áhrif á þau verkefni sem unnin eru og móti reglur um leiksvæði, reglur leikja og komi með tillögur um daglegt starf. Auka aðgengi að efniviði.
- Kynna ólíka matarmenningu og tengja með því saman leikskóla og heimili.

Sköpun

Sköpun byggir á gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika.



Menntun er í raun sjálfsköpun því þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn skynja merkingu viðfangsefna og gildi þeirra.

Leikur

Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuára og þungamiðja leikskólastarfs. Leikur er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur. Þau leika sér af frjálsum og fúsum vilja og á eigin forsendum.



Leikur getur veitt gleði og vellíðan en jafnframt falið í sér valdabaráttu og átök. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna getur notið sín. Gefin er mikill tími í frjálsan leik og reynt er að hafa nægjan og fjölbreyttan efnivið þannig að sem fjölbreyttasti leikur getur myndast.



Listsköpun

Myndsköpun í leikskólanum er skapandi listform og undirbúningur fyrir vitsmunalega og verklega getu. Hún er örvandi og reynir á ímyndunarafl barnanna, það er lærdómsríkt að notast við liti, skæri, lífm og annað efni og skapa úr því eitthvað fyrirfram ákveðið eða bara að efla sig. Útkoman er sýnileg og því innblástur og hvatning fyrir aðra nemendur, kennara og foreldra, gefur auk þess sýn á þróunina hjá börnunum. Sköpunargleðin fær að njóta sín og þau eru hvött til að nota efnivið sjálfstætt og reyna á eigin útfærslur.

Í leikskólanum er mikið hlustað á fjölbreytta tónlist. Börnin eru allt í senn hlustendur, hljóðfærleikarar og söngvarar. Hér er til gott úrval hljóðfæra. Söngstund er á föstudögum og hittast þá allir í salnum og syngja saman.



Gerð er áætlun mánuð í senn sem gerir ráð fyrir ákveðnum söngvum og þulum sem unnið er með. Geta foreldrar fylgst með og fengið söngtexta í leikskólanum eða á heimasíðunni.



Leikræn tjáning og dans

Í leikskólanum er markviss danskennsla, í dansi læra börnin samhæfingu tónlistar og hreyfinga. Auk þess að vinna með ritma og hljómfall.

Menning og samfélagið



Börnin fara í vettvangsferðir til að skoða markverða staði og taka þátt í uppákomum. Skapast hefur sú menning að börnin bjóða fjölskyldum sínum í leikskólann við hin ýmsu tækifæri. Að auki koma margir gestir og velunnarar í heimsókn.





Innleiðing

Kennari virðir sköpunargleði barnanna í leik og námi þau hafi val um að blanda saman leikefni og efnivið. Sköpunargleði er vakinn með því að skoða og upplifa nánasta umhverfi. Vakinn er athygli á breytingum t.d. árstíðaskiptum, framkvæmdum, veðrabrigðum og ýmsum viðburðum.

Heilbrigði og velferð

Í Aðalnámskrá segir meðal annars að heilbrigði byggist á líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan. Margir þættir geta haft áhrif á velferð barna eins og til dæmis umhverfið, erfðir og félagslegar aðstæður. Mörg börn verja stórum hluta dagsins í leikskólanum og er því mikilvægt að stuðlað sé markvisst að vellíðan og velferð þeirra. Það er til dæmis gert með því að efla sjálfstraust og sjálfshjálp auk þess sem lögð er áhersla á útiveru, hreinlæti, holla næringu og hreyfingu. Hreyfingin er talin sérstaklega mikilvæg vegna þess að hún er börnum eðlislæg. Þar af leiðandi læra börnin mest í gegn um leik og hreyfingu sem hefur góð áhrif á sjálfsmynd þeirra og vellíðan.

Hreyfing

Hreyfing er stór þáttur í starfsemi leikskólans. Sú hreyfing sem lögð er áhersla á inni eru leikur, íþróttir, dans og fínhreyfingar. Nemendur fara út á hverjum degi í ferskt loft og hreyfingu. Farið er í markvissar gönguferðir þar sem börnin kynnast sínu nánasta umhverfi en í þeim felst grenndarkennsla og umferðarfræðsla.



Vikulega frá september til apríl eru íþróttir í Íþróttamiðstöð Þorlákshafnar, þangað fara allir nema yngstu nemendurnir en þeir fara í hreyfistund í leikskólanum. Þar er lögð áhersla á að efla hreyfigetu, jafnvægi, þrek, þor og færni.



Nálægð við íþróttamiðstöð



Útileiksvæðið býður upp á mikla möguleika fyrir hreyfingu





Jákvæð sjálfsmynd og andleg vellíðan

Mikilvægt er að börnin finni fyrir vellíðan og öryggi í leikskólanum. Umhyggja og traust milli starfsfólks og barna skiptir miklu máli. Þau læra hvaða hegðun er æskileg, samskipti við önnur börn og fullorðna, kynheilbrigði og sjálfstæði. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir barnið að þekkja sjálft sig og sínar takmarkanir sem hjálpar barninu að mynda jákvæða sjálfsmynd og stuðlar að andlegri vellíðan. Hvíld er á öllum deildum og slaka þá börnin á eða sofna. Þannig læra börnin að stjórna streitu, ná sér niður og koma ró á hugsanir og tilfinningar sínar.

Næring og hreinlæti

Áhersla er lögð á hollt mataræði með lágmarks sykurneyslu, boðið er upp á morgunverð, ávaxtastund, hádegismat og kaffitíma.

Áhersla er lögð á að börnin læri persónulega umhirðu og almennt hreinlæti. Sjálfshjálp er stór þáttur þegar kemur að salernisferðum þar sem barnið þarf að geta hjálpað sér sjálft á salernið og læra að þvo sér um hendur. Þá er börnunum kennt að hugsa vel um tennur sínar.



Innleiðing

Með stöðugri fræðslu og góðri fyrirmynd er börnunum kennt að annast sig sjálf, hafa vitund og þau fá tilfinningu fyrir að góð líðan, hreinlæti og hollusta sé ákjósanlegt lífsmunstur.

Samstarf leikskólans

Börnunum hefur verið boðið að koma í heimsóknir á bókasafnið til að kynnst safninu, og/eða þátttöku í ýmsum uppákomum safnsins.

Leikskólinn vinnur í samstarfi við Vinnuskóla sveitarfélagsins og er unglíngum gefin kostur á að sækja um sumarvinnu í leikskólanum.

Heilsugæsla og leikskóli er í nánú samstarfi vegna þroskaprófa, heilsufars barnanna og einnig ef önnur ástæða þykir t.d. ef það kemur upp lús eða aðrir faraldrar.

Grunnskóli og leikskóli eru í samstarfi með aðlögun milli skólastiga. Einnig er skilafundur um gengi nemenda sem eru á leið í grunnskóla..

Goðheimar elsta deild leikskólans er starfrækt í grunnskólanum og af því hlýst sérstakt samstarf s.s. í lóð og í matsal, á göngum skólans og einnig kynni milli grunn- og leikskólanemenda.

Samstarf er við 9-una og Félag eldri borgara, börnin fara í heimsóknir á 9-una og félagar úr Félagi eldri borgara koma í heimsóknir í leikskólann.

Fjölbrautarskóli Suðurlands sendir árlega nokkra nema í leikskólann til að vinna verkefni í uppeldisfræði. Nemar frá háskólunum og öðrum framhaldskólum koma einnig í verknám eða aðraverkefnavinnu.

Leikskólinn er í samstarfi við Tónlistarskóla Árnesinga í formi heimsókna í leikskólann og nemendur leikskólans fara í tónlistarskólann auk þess sem nemendur tónlistarskólans spila undir dansi á jólaballinu.

Gæðamat - Viðhorfskönnun foreldra

Starfsfólk vinnur sjálfsmat á innrastarfi sem kannar hvort uppfylltar séu þær kröfur sem eru um starfshætti og búnað. Einkunn er gefin fyrir staðlaðar spurningar og stöðluð svör og unnið er út frá niðurstöðunum til að bæta starfið.

Gerð er viðhorfskönnun meðal foreldra annað hvert ár og hafa foreldrar tækifæri til að hafa áhrif á starfsemi leikskólans með því að láta álit sitt í ljós og er mjög mikilvægt að allir taki þátt í þeirri mótun. Könnunin er gerð til að endurspeglar álit foreldra og gefa starfsfólki tækifæri á að gera breytingar. Niðurstöður könnunarinnar eru lagðar fyrir fræðslunefnd og birtar á heimasíðu leikskólans www.bergheimar.is

Menntamálaráðuneytið hefur eftirlit með faglegu starfi leikskóla og gefur út aðalnámsskrá leikskóla.

Sérfræðiaðstoð.

Leikskólinn er með samning við talmeinafræðing sem kemur 2 í mánuði. Sálfræðingur og skólaráðgjafi vinna á vegum Skóla- og velferðapjónustu Árnesþings. Sérkennslustjóri er starfandi við leikskólann. Foreldrar þurfa að undirrita sérstakt leyfi ef þau eða kennarar telja að börnin þurfi þjónustu sérfræðinga. Þau börn sem þurfa á markvissri sérkennslu að halda, eiga að fara í sjón- og heyrnamælingu og þurfa að skila vottorði um að slík skoðun hafi farið fram. Sérkennsla fer fram í daglegu starfi leikskólans og er áætlun og skipulagning í höndum sérkennslustjóra. Mikilvægt er að öll sérkennsla sé í góðri samvinnu við foreldra og samskipti séu gagnkvæm.

Fræðslunefnd.

Fræðslunefnd er skipuð af bæjarstjórn og hefur m.a. umboð til að móta stefnu og hafa umsögn um faglega starfsemi leikskólans. Nefndin sem er sameiginleg fyrir grunn- og leikskóla, er einnig skipuð fulltrúum kennara og fulltrúum foreldrafélaganna, skólastjórum. Fræðslunefnd fundar annan hvern mánuð og oftast ef þurfa þykir.

Fundir.

- ✓ Aðalfundur foreldrafélagsins og foreldrafundir leikskólans Bergheima eru haldnir á haustin. Foreldrafundirnir eru haldnir í vinnutíma á hverri deild fyrir sig en foreldrafélagið fundar seinnipart dagsins
- ✓ Foreldrafélag leikskólans Bergheima stendur árlega að fyrirlestri í samvinnu við Foreldrafélag Grunnskólans í Þorlákshöfn.
- ✓ Fundur er á vorin með foreldrum elstu barnanna vegna skilafundar (upplýsingafundur um stöðu nemenda) til grunnskóla.
- ✓ Skilafundur er haldinn í leikskólanum með kennurum leik- og grunnskólans vegna væntanlegra grunnskólanemenda úr leikskólanum.
- ✓ Skilafundir deildarstjóra eru á milli deilda í leikskólanum.
- ✓ Starfsmanna- og deildarfundir eru fyrsta mánudag í mánuði utan reglubundins vinnu tíma, á starfsmannafundum eru rædd starfsmanna- og skipulagsmál, á deildarfundum eru rædd málefni barnanna og framgangur kennslunnar.
- ✓ Deildarstjórafundir eru einu sinni í mánuði á vinnutíma viku fyrir starfsmannafund og hittast þá deildarstjórar, sérkennslustjóri og skólastjórar og funda um fagleg málefni og önnur skipulagsmál. Jafnfram hittast deildarstjóra í undirbúningi á hverjum degi og geta þá rætt sína á milli skipulag og annað sem þarf að ræða.
- ✓ Upplýsingafundur er einu sinni í viku og skiptast þá fulltrúar deildanna með skólastjóra á upplýsingum um daglega viðburði og starfsmannahald.

2. FORELDRASAMVINNA

Góð samvinna leikskóla og foreldra er talin megin forsenda fyrir árangursríku námi í leikskóla. Kennarar eru tilbúnir að gera skólatímann ánægjulegan og lærdómsríkan og þarf gagnkvæmt traust til þess. Mjög áriðandi er að láta kennara vita af meiriháttar breytingum í lífi barnsins og öllu því sem getur haft áhrif á þau. Allir foreldrar fá símaskrá leikskólanemenda afhenta á haustin.

Foreldraviðtöl.

Tilgangur foreldraviðtala er að veita upplýsingar um líðan og námsframvindu barnsins í leikskólanum. Foreldraviðtöl eru einu sinni á ári og munu foreldrar fá boð á tiltekinn tíma með góðum fyrirvara og eru þeir beðnir um að tilkynna forföll og semja um nýtt viðtal ef þeir komast ekki. Einnig er boðið upp á foreldraspjall einu sinni á ári. Deildarstjórar eru með viðtalstíma á undirbúningsdögum og alltaf hægt að óska eftir sérstökum viðtalstíma hjá þeim sem og skólastjórum.

Foreldrafélag Leikskólans Bergheima.

1. grein

Við leikskólann er foreldrafélag sem heitir Foreldrafélag Leikskólans Bergheima.

2. grein

Tilgangur félagsins er:

- 1) Að koma á nánara sambandi milli foreldra og leikskóla.
- 2) Að afla foreldrum barnanna betri þekkingu og skilnings á því starfi sem er í leikskólanum og vinna almennt að fræðslumálum.

3) Að liðsinna við ýmiss verkefni í leikskólanum.

3. grein

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því:

1) Að efla samskipti milli foreldra og leikskóla.

2) Að halda fundi og standa fyrir fyrirlesturum þar sem fjallað verður um ýmiss uppeldisleg og félagsleg efni.

3) Að veita aðstoð í leikskólanum við ýmis verkefni í þágu barnanna.

4. grein

Félagar geta orðið:

1) Foreldrar núverandi og fyrrverandi leikskólabarna

2) Starfslið leikskólans og annað áhugafólk.

5. grein

Stjórnina skipa fimm einstaklingar úr hópi foreldra og er hver stjórnarmaður kosinn til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum þ.e. stöðu formanns, gjaldkera, ritara og meðstjórnanda. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Að auki skipar starfsfólk leikskólans einn áheyrnarfulltrúa úr sínum röðum til að sitja fundi með stjórninni. Formaður félagsins, ef hægt er skal vera fulltrúi foreldra leikskólabarna í fræðslunefnd Sveitarfélagsins Ölfuss.

6. grein

Aðalfund skal halda einu sinni á ári, skal þá gerð grein fyrir störfum félagsins síðastliðið ár og reikningar látnir liggja frammi. Stjórninni er heimilt að boða til fundar hvenær sem ástæða þykir til. Gjald í foreldrasjóð skal ákveða á aðalfundi. Tillögur til lagabreytinga verða að hafa borist stjórn skriflega í síðast lagi fimm dögum fyrir auglýstan aðalfund.

7. grein

Stjórnin skal sjálf funda einu sinni í mánuði og oftast ef þess þarf, formaður boðar til funda. Ritari skal skrá niður allar bókanir á fundinum í fundargerðabók.

Stjórn foreldrafélagsins skipar með sér þrjá fulltrúa innan stjórnarinnar í Foreldraráð sem hefur til umsagnar starfseminna, kannanir, áætlanir, skóladagatal og aðrar breytingar innan leikskólans til umfjöllunar.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Starfssemin - markmið og leiðir

Starf leikskóla byggist á lögum um leikskóla, námskrá Bergheima og Aðalnámskrá leikskóla sem er útgefin af Menntamálaráðuneytinu.

Í leikskóla er unnið uppeldis- og menntastarf þar sem börnin læra af því að leika sér. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og faglega skipulagður sem slíkur. Börnunum er gefin kostur á því að þroskast í leik með æskileg skilyrði af leikefni og í örvandi umhverfi í nálægð leikskólakennara sem hefur umsjón með leik og námi barnanna í ljósi þroska og getu sem hver einstaklingur hefur að bera.

Í leikskólanum er leikskólakennurum ætlað að veita börnum, skilyrði til aukins þroska, tækifæri til að jafna hlut barna sem búa við ólíkan kost og vaxa í umhverfi þar sem foreldra geta verið öruggir um börnin sín. Samskipti eru mikil og reynir á börnin með ólíkar meiningar og skoðanir, börn læra samskiptamynstur sem er þeim nauðsynlegt og á eftir að fylgja þeim allt lífið. Á öllum deildum er unnið í aldursskiptu hópastarfi sem fer eftir aldri og þroska barnanna. Börn með sérþarfir eru öll velkomin í leikskólann og er tekið tillit til ólíkra þarfa barna og réttur þeirra virtur til þátttöku í leikskóla til leikja og samskipta við önnur börn.

Lokaorð

Þetta er áttunda endurskoðun námskráarinnar og allt starfsfólk Bergheima er virkjað í endurskoðunina..

Foreldraráð og Fræðslunefnd fær námskrána til umsagnar og samþykktar.

Starfsemi leikskólans er bundin í lög og reglugerðir og Aðalnámskrá Leikskóla auk þess sem gerð hefur verið stefna leikskólakennara og miðast kennsla, námsþættir og starfið við að uppfylla þær kröfur. Í lögum um leikskóla frá 2008 er ítrekað samstarf foreldra og leikskóla og gefur það óneytanlega fjölmörg tækifæri til þróunar starfsseminnar.

Hugmyndafræði /stefna sem unnið hefur verið eftir í Bergheimum er byggð á kenningum John Dewey (1859-1952) “learning by doing” en hann sagði að börnin lærðu best í daglegu starfi og í gegnum leikinn þ.e. að læra af eigin reynslu enda væri börnum meðfætt að læra. Menntun taldi Dewey börnin öðlast með því að fá að, reyna, prófa og æfa sig og í samskiptum við aðra.

Börnum sem kennt er að bjarga sér sjálf, með að klæða sig sjálf, þrifa sig, að leika sér og með að tjá hug sinn og langanir, öðlast grunn sem þarf til að bæta stöðugt við sig nýrri þekkingu og reynslu. Dewey lagði ríka áherslu á að bóknám og verknám væru samfeld og það yrði samfella milli heimilis og skóla og skólastiga.

Börnin læra í leikskóla að vera hluti af samfélaginu bæði í nútíðinni og til framtíðar. Skólinn þarf að taka mið af siðum og venjum ólíkra einstaklinga og kenna lífsleikni eins og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, viðsýni og umburðalyndi. Kenna undirstöðureglur í sjálfræði og sjálfshjálpi sem taldar eru þurfa til að halda lýðræðislegu samfélagi gangandi.

Það er ekki aðeins að leikskólinn mennti nemendur heldur er starfsfólk stöðugt í sí- og endurmenntun auk þess sem starfsfólki er gefin kostur af sveitafélaginu á því að sækja sér leikskólakennaramenntun sem hefur skilar mörgum kennurum til starfa í Bergheimum.

Mikið hefur verið horft í vitsmunabroska undanfarið, en nú síðustu ár með aukinni viðveru í leikskólum er einnig verið að skoða tilfinningabroska barna, félagslega stöðu þeirra og líkamlegan þroska í heildar samhengi. Örvun, hvíld og góð næring er grunnur að því að vaxa og þroskast og er því mikilvægasti þátturinn til að geta notið annars náms. Áhersla er lögð á að gera börnin sjálfsörugg og ánægð þannig að þau taki þátt í verkefnum áhugasöm og jákvæð og finni hjá sér hvöt til að læra og þroskast á allan hátt.